



# Upplýsingaöryggisstefna Netvöktunar

útgáfa 1.0

1. febrúar 2022

Unnin af upplýsingaöryggisnefnd Netvöktunar.

Einungis rafrænt eintak á Intraneti er gilt eintak

# Upplýsingaöryggisstefna 1.0

Netvöktun fylgir eftirfarandi Upplýsingaöryggisstefnu:

1. Hlutverk upplýsingaöryggisstefnu Netvöktunar er að tryggja að öryggi upplýsinga fyrirtækisins, starfsmanna og hagsmunaaðila sinna m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Netvöktun fylgir markmiðum, lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórn upplýsingaöryggis sem eru grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa auk þess að fylgja öllum samningum sem Netvöktun er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
3. Netvöktun fylgir Persónuverndarstefnu fyrirtækisins um vinnslu, meðferð og reglum persónuupplýsinga.
4. Upplýsingaöryggisstefnur og verklagsreglur Netvöktunar í upplýsingaöryggismálum eru bindandi fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins og þá aðila sem veita því þjónustu eða fá aðgang að upplýsingum og eða upplýsingakerfum þess.
5. Netvöktun fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum um stjórnun upplýsingaöryggis, sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga og upplýsingakerfa.
6. Starfsmenn Netvöktunar, þjónustuaðilar og verktakar eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, óheimilli notkun, óheimilum breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi og flutningi.
7. Netvöktun stuðlar að því að öllum þáttum upplýsingaöryggisstefnunnar sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi aðila. Starfssemi og starfshættir starfsmanna fyrirtækisins skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.
8. Starfsmenn Netvöktunar, hagsmunaaðilar, viðskiptavinir og eða þjónustuaðilar eru hvattir til þess að tilkynna upplýsingaöryggisatvik og frávik sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla stöðugum umbótum ásamt því að stuðla að virkri öryggisvitund þeirra aðila sem tengjast stjórnkerfi upplýsingaöryggis.
9. Upplýsingaöryggisstjóri gefur út árlega skýrslu varðandi framkvæmd, virkni og stöðu upplýsingaöryggis fyrirtækisins og kynnir fyrir upplýsingaöryggisnefnd
10. Starfsmönnum, þjónustuaðilum og verktökum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Netvöktunar, hagsmunaaðila, viðskiptavina eða annarra starfsmanna Netvöktunar.
11. Netvöktun endurskoðar þessa stefnu eins og tilfelli er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.
12. Stefnum og verklagsreglum Netvöktun sem tengjast ÍST ISO/IEC 27001:2017 í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í Stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Borgarnes, 1. Febrúar 2022.

Aron Hallsson

Aron Hallsson

Framkvæmdarstjóri